

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Árnesi
801 Selfoss

Dags. 1. 3. 2024
Mál: E-2024-090

Endurnýjun upplýsingaskilta á Þjórsár- og Tungnaárvæði.

Landsvirkjun vinnur að endurnýjun upplýsingaskilta á starfssvæðum sínum og hefur verkefnið fengið vinnuheimild Orkuslóð. Tilgangur með uppsetningu skiltanna er að upplýsa ferðafólk um hugsanlegar hættur á viðkomandi svæði en einnig að upplýsa ferðafólk um þá starfsemi fyrirtækisins sem fyrir augum ber. Með þessu er vonast til þess að ferðafólk sem um svæðin fer sé upplýst og velji öruggari staði til að stoppa á.

Markmið verkefnisins er ekki að búa til áningarstaði heldur að veita fræðslu og upplýsingar og stuðla þannig að öruggari ferðalagi þeirra sem fara um svæðið.

Við hjá Landsvirkjun viljum gjarnan eiga í góðu samstarfi við sveitarfélagið um þetta verkefni. Innan sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps er horft til tveggja staða í fyrsta fasa verkefnisins. Annars vegar bílastæðis við Golfvöll á Búrfellssvæðinu og hins vegar bílastæðis ofan við Bjarnalón.

Landsvirkjun óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar um val á þeim svæðum sem lagt er upp með en fyrirtækið mun síðar í ferlinu fara hefðbundna leyfis- og skipulagsferla ef gerð verður krafa um slíkt.

Meðfylgjandi er kynning frá ráðgjafa Landsvirkjunar, Landform, um viðkomandi staði en skiltin verða af hefðbundinni gerð, bæði standandi og hallandi.

Virðingarfyllt,

Jóna Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri samfélags og umhverfis